II. 1.-1881.

No 922.

Jeg undirskrifaður Halldór Kr. Friðriksson, yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, gjöri hjer með kunnugt, að jeg fyrir hönd og í umboði erfingja Bjarnar heitins Gunnlaugssonar yfirkennara, og samkvæmt kaupsamningi dagsettum 30. dag júlímánaðar 1879, hef selt herra Þorvaldi Arasyni á Flugumýri eignarhluta áðurnefndra erfingja Bjarnar heitins Gunnlaugssonar í jörðinni Flugumýri í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu, 30 ℎ að dýrleika að fornu mati fyrir 2100 – tvær þúsundir og eitt hundrað – króna.

Og þar eð kaupandi þegar hefur gjört mjer skil fyrir kaupverðinu með því að greiða mjer 1500 – eina þúsund og fimm hundruð – króna af kaupverðinu, og sett mjer nægilegt veð í annari jörð fyrir þeim 600 – sex hundruðum – króna, sem enn eru ógreidd, þá afsala jeg hjer með ofangreindan hluta jarðarinnar Flugumýrar, 30 ℎ að fornu mati frá ofangreindum erfingjum Bjarnar heitins Gunnlaugssonar til herra Þorvaldar Arasonar til fullrar eignar, með öllu því, sem eign þessari fylgir og fylgja ber að lögum. Í sölu þessari er fólgin kirkjan á Flugumýri með öllum þeim rjettindum og skyldum, er henni fylgja að tiltölu rjettri.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga á sinn kostnað, en seljandi svarar til lagaripttinga.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og innsigli.

Reykjavík 11. dag júlí mán. 1881.

H.Kr. Friðriksson.

Viðstaddir vottar:

Bjarni Þorsteinsson

Kr. Ó. Þorgrímsson

vertatur

Ár 1882 föstudaginn 13. janúar er afsalsbrjef þetta meðtekið til fyrirfram innritunar í Kaup og veðmálabók Skagafjarðarsýslu, og verður geymt til þinglýsingar að vori komanda, vottar.

E Briem

Þinglýst á manntalsþingi að Ökrum 22. maí 1882, og ritað í Kaup og veðmálabók Skagafjarðarsýslu, vottar

E Briem

Gjald í landssjóð:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þinglýsing | 4.00 | | |
| Bókun | 0.25 | 4.25 | 14.75 |
| Fasteignarsölugjald ½ % | | 10.50 | |

Fjórtán krónur sjötíu og fimm aurar

Borgað

E Br.